

# ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ REYKJANESBÆJAR



OG

## Íþróttafélagið NES

gera með sér eftirfarandi

### **SAMNING**

um eflingu á íþróttastarfi fyrir fatlaða.

Reykjanæsbær kt. 470794-2169 og Íþróttafélagið NES KT. 491291-2069 gera með sér svohljóðandi samning:



#### **1. grein. Markmið**

Markmið samningsaðila er að tryggja öflugt og fjölbreytt íþróttastarf í bæjarfélaginu.

Íþróttafélagið NES skal hafa það að markmiði að bjóða fötluðum á öllum aldri upp á skipulagt íþróttastarf undir leiðsögn menntaðra og hæfra leiðbeinenda þar sem forvarnargildi íþróttar er haft að leiðarljósi. Samhlíða að leitast við að hlúa að keppnis- og afreksfólki þannig að það nái sem bestum árangri.

#### **2. grein. Skil á skýrslu**

Íþróttafélagið NES skilar inn til ÍT skýrslu eigi síðar en **1. des. 2020** um hvernig staðið var að framkvæmd samningsins.

#### **3. grein. Greiðslur**

ÍT greiðir Íþróttafélaginu NES **kr. 1.000.000.-** sem greiðast við undirritun samningsins.

#### **4. grein. Kynning á starfsemi**

Íþróttafélaginu NES sendir reglulega fréttir og eða auglýsingar af starfsemi félagsins til íþróttar- og tómstundafulltrúa og kynnis starfsemi félagsins í ÍT ráði sé eftir því óskað.

#### **5. grein. Gildistími**

Samningur þessi gildir frá undirritun og fellur úr gildi **31. desember 2020**. Aðilar samnings skulu hefja viðræður um áframhald samnings eða breytingar á honum í byrjun september 2020.

#### **6. grein. Endurskoðunarákvæði**

Samninginn er heimilt að endurskoða hvenær sem er á gildistímanum, ef annar hvor samningsaðila óskar þess. Ágreiningsefnum skal vísa til íþróttar- og tómstundafulltrúa, sem leitar álits ÍT ráðsins eftir því sem við á hverju sinni. Eftirlitsaðili samnings þessa er sviðsstjóri Fræðsluviðs.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, sitt handa hvorum aðila.

Reykjanæsbær \_\_\_\_\_ 2020

fh. Íþróttar- og tómstundaráðs  
Reykjanæsbæjar

fh. Íþróttafélagsins NES